




KEA HOTELS

HÓTEL BORG:

Hótel Borg gengur í endurnýjun lífdaga

Óhætt er að fullyrða að Hótel Borg hefur verið eins og lítill konungshöll í augum Reykvíkinga þegar hótelið var opnað 1930. Enn, nær átta áratugir síðan, er Hótel Borg enn með glæsilegustu og fallægustu byggingum borgarinnar. Hótelið hefur verið fært í nýjan búning og er innan dyra í „art deco“-stíl, þeim stíl sem það státaði af í upphafi og hæfir hótelinu. Áhersla var lögð á að halda gömlu sálinni í húsinu um leið og nútímataekni var látin fylgja með. Að mati gesta hótelsins hefur það tekist og gott betur.

Á Hótel Borg eru 56 herbergi, þar af eru fimm eins manns herbergi, sjö svítur auk turnsvítunnar, hin eru tveggja manna og tveggja manna „superior“ herbergi. Turnsvítan er hin glæsilegasta og getur verið með einu til þremur svefnherbergjum, þá alls um 125 m². Efst hæðin („executive floor“), er ætluð þjóðhöfðingjum eða öðrum sem krefjast mikillar öryggisgæslu en aðgangsstýring lyftunnar auðveldar öryggisgæslu mikið.



Arinn í Silfri. Veggurinn er klæddur íslensku grjóti.



Nánast er sama hvar borið er niður á Hótel Borg, allt hefur verið endurnýjað í upprunalega stílnum. Í öllum herbergjum eru ný sérsníðuð húsgögn í „art deco“-stíl. Sófar og stólar eru leðurklæddir og húsgögn og veggir í mismunandi litum þannig að engin tvö herbergi eru eins. Í öllum svítum eru Bang & Olufsen flatskjáir og hljómflytningstæki og hágæðarúm frá Hastens í Svíþjóð.

Sál hússins heldur sér Gólf-

teppi með merki hótelsins voru sérofin á alla ganga en gegnheilt stafaparket er á öllum herbergjum. Badherbergi voru stækkuð svo rúm er fyrir badker og sturtu en veggir og gólf eru marmaralögð. Ákveðið var að skipta ekki út gömlum lyklum fyrir kort, eins og almennt eru notuð á hótelum nú á dögum, og halda með því og öðrum smáatriðum, í upprunalega sál hússins. Um leið var lögð áhersla á að á hótelinu biði gesta umhverfi sem þeir ættu seint eftir að gleyma, bæði hvað þægindi og fallegan stíl varðar.

Gamlar svarthvítar myndir frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur, alls 210 mótíf, frá upphafsdögum Hótel Borgar og árunum þar á eftir, prýða herbergi og ganga. Hafa myndirnar vakið mikla athygli gesta.


Lúxusgisting, fyrsta flokks þjónusta og góðar veitingar biða gesta á Hótel Borg nú sem í upphafi. Markmið stofnandans, Jóhannesar Jósefssonar, var að koma á Borgina væri sönn upplifun og það markmið er óbreytt.



Setustofa turnsvítunnar er þar sem áður voru opnar svalir.

Silfur og Gyllti salurinn Á jarðhæð er veitingastaðurinn Silfur sem einnig er nýuppgerður og þegar orðinn einn af vinsælustu veitingastöðum borgarinnar. Inn af Silfri er Gyllti salurinn með alla sína sögu. Hann hefur fengið að halda sér enda einn af fallegri sölum bæjarins. Gylltingin hefur verið endurnýjuð, veggir málaðir og húsgögn eru ný. Gyllti salurinn nýtur mikilla vinsælda sem funda- og ráðstefnusalur en ekki síður fyrir brúðkaup, veislur og árs hátíðir. Innan við Gyllta salinn er morgunverðarsalurinn sem er innréttaður í sama stíl og Silfur. Þar er boðið upp á aðstöðu fyrir hópa sem vilja vera út af fyrir sig. Veitingarekstur á Hótel Borg annast 101 Heild ehf.

Lokaáfangi þeirra miklu framkvæmda, sem hófust í október 2005, stendur nú yfir, en lýkur í apríl. Skipt verður um aðaldir hótelsins, settur hiti í gólf anddyris og gestamóttöku og þau marmaralögð. Lokahnykkurinn er múrviðgerðir og málning utanhúss ásamt gluggaskiptum. Að sjálfsögðu er framkvæmdum hogað þannig að ónæði fyrir gesti sé í algjöru lágmarki.



REKA SEX HÓTEL Í REYKJAVÍK, Á AKUREYRI OG VIÐ MÝVATN

Keahótel ehf. á rætur á Akureyri. Félagið rekur sex hótél, þar á meðal Hótel Borg og Hótel Kea sem fullyrða má að séu ein sögufrægustu hótél landsins. Önnur hótél eru Hótel Björk í Reykjavík, Hótel Harpa og Hótel Norðurland á Akureyri og Hótel Gígur við Mývatn. Rétt eins og Hótel Borg er í hjarta Reykjavíkur er Hótel Kea í hjarta Akureyrar en hótelið hefur verið endurbætt að undanföru og allur búnaður er fyrsta flokks og þjónustan eftir því. Dvöl á Hótel Kea verður gestum áreiðanlega eftirminnileg. Hótel Gígur við Mývatn hefur ákveðna sérstöðu eins og Borgin og Kea, umhverfið við Mývatn eitt það fallægasta á landinu og innlendir sem erlendir gestir njóta þar náttúruferugurðar og alls þess sem íslensk náttúra hefur upp á að bjóða.

Framkvæmdastjóri Keahótela er Páll L. Sigurjónsson, hótélstjóri Hótel Borgar er Ólafur Þorgeirsson og hótélstjóri Hótel Kea er Sigurbjörn Sveinsson.

